# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur samstæðu 2011

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Keilisbraut 775
235 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 61,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 148,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutafé félagsins nam í árslok 344,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutafé í árslok skiptist á 19 hluthafa, eins og í ársbyrjun og áttu sex hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu, en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Háskóli Íslands | 23,3% |
| Landsbankinn hf. | 18,9% |
| Miðengi ehf. | 10,2% |
| Geysir Green Energy ehf. | 10,2% |
| HS Orka hf. | 10,2% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 10,2% |

Samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, er ekki heimilt að greiða arð til hluthafa á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 24. maí 2012

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 24. maí 2012

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2011 | Móðurfélag 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af kennslu og rannsóknum | | 550.157 | 550.157 | 503.286 |
| Þjónustutekjur húsnæðis | | 56.207 | 56.207 | 44.186 |
| Styrkir og aðrar tekjur | | 33.522 | 13.370 | 9.966 |
| | | 639.886 | 619.734 | 557.438 |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 345.928 | 345.928 | 299.712 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 253.977 | 253.042 | 216.560 |
| | | 599.904 | 598.970 | 516.272 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 39.981 | 20.764 | 41.166 |
| Afskriftir | 3,4 | ( 44.615) | ( 44.615) | ( 37.633) |
| **Rekstrar(tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði** | | ( 4.634) | ( 23.851) | 3.533 |
| Vaxtatekjur | | 1.330 | 1.323 | 5.667 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 55.848) | ( 55.677) | ( 29.157) |
| Niðurfærsla eignarhluta | | ( 394) | ( 410) | 0 |
| Gengismunur | | ( 2.326) | ( 2.326) | 22.115 |
| | | ( 57.238) | ( 57.089) | ( 1.376) |
| Áhrif dótturfélags | | 0 | 15.247 | 0 |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | ( 61.872) | ( 65.693) | 2.157 |
| Tekjuskattur | 10 | 0 | 3.821 | 0 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | 9 | ( 61.872) | ( 61.872) | 2.157 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2011 | Móðurfélag 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Stofnkostnaður | | 2.393 | 2.393 | 7.970 |
| Óefnislegar eignir | 3 | 2.393 | 2.393 | 7.970 |
| Fasteignir og lóð | | 361.504 | 361.504 | 370.240 |
| Flugvélar og flugvélaíhlutir | | 210.786 | 210.786 | 210.887 |
| Áhöld, tæki og húsgögn | | 41.718 | 41.718 | 46.864 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 614.008 | 614.008 | 627.991 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 0 | 15.747 | 0 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 5.090 | 5.090 | 6.000 |
| Skatteign | 10 | 0 | 3.821 | 0 |
| Áhættufjármunir | | 5.090 | 24.658 | 6.000 |
| Fastafjármunir samtals | | 621.490 | 641.058 | 641.961 |
| Birgðir | | 913 | 913 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 42.387 | 42.387 | 44.620 |
| Kröfur á tengda aðila | | 507 | 4.516 | 5.736 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 35.552 | 13.078 | 8.813 |
| Handbært fé | | 17.437 | 15.335 | 57.848 |
| Veltufjármunir samtals | | 96.795 | 76.229 | 117.018 |
| **Eignir samtals** | | 718.285 | 717.287 | 758.978 |

# 31. desember 2011

| | Skýr. | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2011 | Móðurfélag 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Hlutafé | | 344.000 | 344.000 | 344.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 13.333 | 13.333 | 13.333 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 209.052) | ( 209.052) | ( 147.180) |
| Eigið fé samtals | 9 | 148.281 | 148.281 | 210.153 |
| **Skuldir** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 62.977 | 62.977 | 67.410 |
| Eignaleigusamningar | | 111.247 | 111.247 | 121.382 |
| Skuldabréfalán | | 10.400 | 10.400 | 0 |
| Skuld við Þróunarfélagið | 13 | 248.043 | 248.043 | 224.094 |
| Langtímaskuldir samtals | 11 | 432.667 | 432.667 | 412.886 |
| Viðskiptaskuldir | | 48.063 | 48.063 | 54.162 |
| Skuldir við tengda aðila | | 3.451 | 3.451 | 3.441 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 26.059 | 26.059 | 21.100 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 38.508 | 37.509 | 28.370 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 21.257 | 21.257 | 28.867 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 137.337 | 136.339 | 135.940 |
| Skuldir samtals | | 570.004 | 569.006 | 548.825 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 718.285 | 717.287 | 758.978 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

| | Skýr. | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2011 | Móðurfélag 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| (Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | 9 | ( 61.872) | ( 61.872) | 2.157 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 3,4 | 44.615 | 44.615 | 37.633 |
| Niðurfærsla eignarhluta | | 394 | 410 | 0 |
| Gengismunur og verðbætur skulda | | 30.336 | 30.336 | ( 22.551) |
| Áhrif dótturfélaga | | 0 | ( 15.247) | 0 |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | | 13.473 | ( 1.759) | 17.239 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Birgðir, hækkun | | ( 913) | ( 913) | 0 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 18.198) | ( 2.031) | 6.366 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | 6.973 | 3.040 | 31.372 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting | | ( 7.610) | ( 7.610) | 20.632 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 19.749) | ( 7.514) | 58.369 |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri | | ( 6.276) | ( 9.273) | 75.608 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4 | ( 25.054) | ( 25.054) | ( 98.098) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 0 | 0 | 12.744 |
| Fjárfesting í áhættufjármunum | | 0 | 0 | ( 500) |
| Skammtímakröfur, breyting | | ( 4.327) | ( 2.601) | ( 5.736) |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 29.382) | ( 27.656) | ( 91.590) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 13.000 | 13.000 | 75.000 |
| Afborganir langtímaléna | | ( 18.595) | ( 18.595) | ( 11.230) |
| Skammtímalán, breyting | | 9 | 9 | ( 7.466) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 5.585) | ( 5.585) | 56.304 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 41.243) | ( 42.514) | 40.322 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 58.680 | 57.848 | 17.526 |
| **Handbært fé í árslok** | | 17.437 | 15.335 | 57.848 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a. *Grundvöllur reikningsskila***

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess Orkurannsókna ehf. og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

**b. *Erlendir gjaldmiðlar***

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Varanlegir rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gilti á viðskiptadegi.

**c. *Innlausn tekna***

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

**d. *Óefnislegar eignir***

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími er 3-5 ár.

**e. *Varanlegir rekstrarfjármunir***

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

**f. *Dótturfélög***

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

**g. *Eignarhlutir í félögum***

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýrnunar þessara félaga.

**h. *Birgðir***

Vörubirgðir félagsins eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla.

**i. *Viðskiptakröfur***

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**j. *Handbært fé***

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**k. *Skatteign***

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð nema að hluta í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Í árslok var reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs taps hærri en tekjuskattskuldbinding af efnahagsliðum.

**l. *Fyrirframinnheimtar tekjur***

Tekjur og styrkir sem innheimtir hafa verið á árinu 2011 og tilheyra rekstrarárinu 2012 eða síðar eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld móðurfélagsns greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 208.898 | 164.519 |
| Launatengd gjöld | 40.763 | 31.675 |
| Aðkeypt kennsla | 96.267 | 103.519 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 345.928 | 299.712 |

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 16,4 millj. kr. á árinu 2011. Á árinu 2010 námu laun til framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 15,2 millj. kr.

| | | |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 52 | 36 |
| Meðalstöðugildi | 30 | 28 |

## 3. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.1.2011 | 7.970 |
| Gjaldfært á árinu | ( 5.577) |
| Óefnislegar eignir 31.12.2011 | 2.393 |

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir móðurfélagsins greinast þannig:

| | Fasteignir og lóð | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2011 | 373.000 | 238.403 | 71.277 | 682.680 |
| Fjárfesting á árinu | ( 2.002) | 19.628 | 7.429 | 25.054 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 370.997 | 258.031 | 78.706 | 707.734 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 2.760 | 27.515 | 24.414 | 54.689 |
| Afskrifað á árinu | 6.734 | 19.730 | 12.574 | 39.038 |
| Afskrifað samtals 31.12.2011 | 9.493 | 47.245 | 36.988 | 93.727 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2011 | 370.240 | 210.887 | 46.864 | 627.991 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 361.504 | 210.786 | 41.718 | 614.008 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 8% | 10 - 20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 13 ár | 5 - 10 ár | |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 39.038 | 30.880 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 3 | 5.577 | 6.753 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 44.615 | 37.633 |

**5. Kaup á rannsóknartækjum og búnaði**

Dótturfélagið Orkurannsóknir ehf. hefur lagt í kostnað vegna kaupa á rannsóknartækjum og búnaði auk aðstöðusköpunar. Kaupin hafa verið fjármögnuð með óendurkræfum styrkjum. Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaupverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum og afsláttum. Stofnkostnaður félagsins í árslok 2011 greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fjárfesting í stofnkostnaði á árinu | 116.610 |
| Óendurkræfir styrkir | ( 116.610) |
| Samtals eignfærð fjárfesting | 0 |

**6. Fjármögnunarleiga**

Félagið hefur gert fjármögnunarleigusamninga um fimm flugvélar til níu ára og eru þær færðar til eignar hjá félaginu þrátt fyrir að formlegur eignarréttur sé hjá leigusala. Bókfært verð flugvélanna nam 191,8 millj. kr. í árslok 2011 (2010: 210,9 millj. kr.). Eftirstöðvar fjármögnunarleigusamninganna námu 126,5 millj. kr. á sama tíma (2010: 134,5 millj. kr.). Vátryggingarverð vélanna nam 197,3 millj. kr. í árslok 2011 (2010: 191,7 millj. kr.).

**7. Fasteignamat og vátryggingaverð**

Fasteignamat fasteignar og lóða nam samtals 347,6 millj. kr. í árslok 2011 (2010: 341,4 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 1.080,0 millj. kr. (2010: 980,5 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nemur 60,1 millj. kr. í árslok 2011 (2010: 54,5 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti rannsóknartækja og búnaðar í dótturfélagi nemur 168,0 millj. kr. í árslok 2011.

**8. Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum greinist þannig:

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Íþróttavellir ehf. | 33% | 7.000 | 4.290 |
| Keilir Air Operations Center ehf. | 100% | 2.770 | 500 |
| Heilsufélag Reykjaness ehf. | 30% | 300 | 300 |
| Eignarhlutir í félögum 31.12.2011 | | | 5.090 |

Félagið stofnaði á árinu 2008 dótturfélagið Keilir Air Operations Center ehf. Dótturfélagið yfirtók allan rekstur flugvéla samstæðunnar í ársbyrjun 2012 og leigir þær til móðurfélagsins. Engin starfsemi hefur verið í félaginu fram að þeim tíma og því ekki verið saminn samstæðureikningur.

**9. Eigið fé**

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 344.000 | 13.333 | ( 147.180) | 210.153 |
| Tap ársins | | | ( 61.872) | ( 61.872) |
| Eigið fé 31.12.2011 | 344.000 | 13.333 | ( 209.052) | 148.281 |

## 10. Skatteign

Skatteign félagsins greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Skatteign í ársbyrjun | 23.341 | 23.341 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 9.314 | 13.135 |
| Niðurfært vegna óvissu um nýtingu | ( 32.655) | ( 32.655) |
| Skatteign 31.12.2011 | 0 | 3.821 |

Skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 36.366) | ( 36.366) |
| Fjármögnunarleiguskuld | 25.296 | 25.296 |
| Viðskiptakröfur | 1.428 | 1.428 |
| Gengismunur | 149 | 149 |
| Yfirfæranlegt tap | 42.147 | 45.968 |
| Niðurfært vegna óvissu um nýtingu | ( 32.655) | ( 32.655) |
| Skatteign 31.12.2011 | 0 | 3.821 |

## 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | |
|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir: | |
| Verðtryggt lán | 70.933 |
| Næsta árs afborganir | ( 7.955) |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 62.977 |
| | |
| Eignaleigusamningar: | |
| Lán í EUR | 126.479 |
| Lán í ISK | 272 |
| | 126.751 |
| Næsta árs afborganir | ( 15.504) |
| Eignaleigusamningar samtals | 111.247 |
| | |
| Skuldabréfalán: | |
| Óverðtryggt lán | 13.000 |
| Næsta árs afborganir | ( 2.600) |
| Skuldabréfalán samtals | 10.400 |
| | |
| Skuld við Þróunarfélagið, sbr. skýring 13 | 248.043 |
| | |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir | 458.726 |
| Næsta árs afborganir, sbr. skýring 12 | ( 26.059) |
| Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi | 432.667 |

## 12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2012 | 26.059 |
| Árið 2013 | 275.138 |
| Árið 2014 | 28.139 |
| Árið 2015 | 29.392 |
| Árið 2016 | 30.745 |
| Síðar | 69.253 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 458.726 |

**13. Skuld við Þróunarfélagið**

Skuld við Þróunarfélagið að fjárhæð 248,0 millj. kr. er tilkomin vegna kaupa félagsins á fasteign og lóð. Skuldin er verðtryggð með byggingavísitölu og ber að greiða ekki síðar en 1. júní 2013 skv. sérstöku samkomulagi. Áfallnir vextir hafa verið reiknaðir og eru þeir færðir á meðal skammtímaskulda, samtals að fjárhæð 25,8 millj. kr. Vaxtagjalddagar eru tvisvar á ári. Félaginu er heimilt að greiða upp lánið hvenær sem er án uppgreiðslugjalds.

**14. Kennitölur**

Helstu kennitölur samstæðunnar greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 0,70 | 0,86 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir | 0,21 | 0,28 |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé | 0,43 | 0,61 |
| Arðsemi eigin fjár - hagnaður / eigið fé í ársbyrjun | -0,29 | -0,57 |

# Sundurliðanir

| Tekjur af kennslu og rannsóknum | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skóla- og námskeiðsgjöld | 273.708 | 283.668 |
| Menntamálaráðuneytið | 198.850 | 139.000 |
| Seldir flugtímar | 77.599 | 80.618 |
| | 550.157 | 503.286 |

| Þjónustutekjur húsnæðis: | | |
|---|---|---|
| Umsýslugjald húsnæðis | 29.602 | 25.849 |
| Umsýslugjald leigjenda | 2.825 | 2.578 |
| Hiti og rafmagn | 1.869 | 511 |
| Hússjóður v/þrifa | 12.340 | 11.256 |
| Lyklagjöld og íbúakort | 720 | 570 |
| Tekjur af húsnæði | 8.851 | 3.423 |
| | 56.207 | 44.186 |

| Aðrar tekjur: | | |
|---|---|---|
| Styrkir | 11.988 | 9.381 |
| Kaffisala og önnur sala | 61 | 579 |
| Annað | 1.321 | 6 |
| | 13.370 | 9.966 |

| Laun og launatengd gjöld: | | |
|---|---|---|
| Laun | 193.900 | 150.347 |
| Stjórnarlaun | 4.320 | 4.163 |
| Bifreiðastyrkur | 10.678 | 10.009 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 18.737 | 14.631 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 2.336 | 1.544 |
| Tryggingagjald | 19.689 | 15.500 |
| Verktakar - stundakennarar | 96.267 | 103.519 |
| | 345.928 | 299.712 |

| | Annar rekstrarkostnaður: | | |
|---|---|---|---|
| A | Húsaleiga | 12.401 | 21.440 |
| B | Fasteignagjöld og lóðarleiga | 6.756 | 1.891 |
| C | Annar rekstur fasteigna | 16.628 | 12.995 |
| F | Annar starfsmannakostnaður | 5.982 | 2.563 |
| G | Pappír, ritföng, prentun og tímarit | 6.812 | 6.104 |
| H | Sími og netkostnaður | 3.217 | 2.393 |
| I | Auglýsinga- og markaðskostnaður | 17.077 | 22.760 |
| K | Þrif, hreinlætisvörur og sorphirðun | 15.134 | 14.887 |
| M | Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður | 6.528 | 2.495 |
| N | Rekstur tölvu- og upplýsingakerfis | 18.065 | 20.072 |
| O | Önnur aðkeypt þjónusta | 33.843 | 19.221 |
| R | Endurskoðun, lögfræði- og innheimtuþjónusta | 8.570 | 8.797 |
| J | Bókasafn, tímarit o.fl. | 5.675 | 5.544 |
| S | Annar kostnaður við námsbrautir | 12.164 | 17.610 |
| T | Rekstrarkostnaður flugvéla | 64.499 | 43.932 |
| U | Aðkeyptur akstur og flutningskostnaður | 1.324 | 3.090 |
| V | Ferðakostnaður og fundakostnaður | 8.414 | 4.300 |
| W | Gjafir og framlög | 558 | 1.056 |
| X | Tapaðar og niðurfærðar kröfur | 6.847 | 2.365 |
| Y | Þjónustugjöld og bankakostnaður | 727 | 691 |
| Z | Annar rekstrarkostnaður | 1.822 | 2.356 |
| | | 253.042 | 216.560 |